

unni. „Hreyfiveiki er ein af umkvörtunum í tilraunum með sjálfkeyrandi bíla,“ segir Hannes. Þeir þyki hvikari í hreyfingum. Þá muni fólk hvorki keyra sjálft nésnúa fram á við heldur njóta samskipta við aðra í bílnum. Því séu núna vangaveltur um hvort nota megi þessa sömu tækni, sýndarveruleikann, til að koma í veg fyrir hreyfiveiki.

Búi til gervisjóndeildarhring

„Er hægt að búa til gervisjóndeildarhring?“ spyr Hannes. „Má nýta skjái í gleraugum til að leiðrétta fyrir hreyfiveiki?“ Flugvélaframleiðendur hafi sagt betra að sleppa gluggum í flugvélinni og hafa þar skjái og myndavélar utaná til að minnka flugveiki,“ segir hann.

„Við vitum hvað framkallar hreyfiveiki og eigum að geta notfært okkur þekk-

Hreyfiveiki

Hreyfiveiki er regnhlífariheiti yfir bílveiki, sjóveiki, flugveiki, geimveiki og alla viðleitni okkar manna við að auka ferðagetu okkar í faratæki sem getur leitt til ferðaveiki. Sjóveiki er algengust enda ýktustu hreyfingarnar. Þreyta, sundl, höfgi, ógleði, uppköst og að svitna eru helstu einkenni hreyfiveiki.

inguna með því að þjálfa eða leiðrétta fyrir hreyfiveiki. Þessi gleraugu væru þá að leiðrétta myndina til að minnka hreyfiveikina í stað þess að valda henni eins og þau hafa gert við tölvuleikjaspilun.“

Ráðstefnan er sú fyrsta á alþjóðavísu sem tekur aðeins á hreyfiveiki, en

fyrir ráðstefnuna verður 15. Ráðstefna Evrópsku jafnvægisvísindasamtakanna. Von er á virtum erlendum fyrirlesurum og um 100 gestum og enn hægt að skrá sig. Meðal ráðstefnugesta eru sérfræðingar frá Evrópsku geimvísindastofnuninni enda hrjái hreyfiveiki margan geimfarann og geimför oft útæld eftir sigurfari um himingeima.

Áhugaverðir erlendir gestir

John F. Golding, prófessor við University of Westminster
Michael Gresty, prófessor við Imperial College, London
Pierre Denise, prófessor við University of Caen
Philippe Perrin, prófessor við University of Lorraine, Nancy



Heiðursfélagar Ljósmeðrafélags Íslands á aldarafmælinu. Myndir frá Ljósmeðrafélagi Íslands.



Þessari minningarhellu er búið að koma fyrir í gangstétt framan við Laugaveg 20 þar sem félagið var stofnað 1919.

Ljósmeðrafélag Íslands 100 ára

Þann 2. maí síðastliðinn varð Ljósmeðrafélag Íslands 100 ára. Það var fyrsta stéttarfélag faglærðra kvenna á Íslandi. Á stofnfundi þess voru 20 ljósmeður saman komnar að Laugavegi 20 til að ræða nauðsyn þess að þær stofnuðu með sér félag til að vernda hagsmuni stéttarinnar.

Þó að samtök ljósmeðra hafi fyrst verið stofnuð árið 1919 er saga stéttarinnar mun lengri en ljósmeður eru fyrsta stétt kvenna í opinberu starfi hér á landi. Fyrstu íslensku ljósmeðurnar útskrifuðust á Bessastöðum haustið 1761 að loknu embættisprófi. Í erindisbréfi fyrsta landlæknisins Bjarna Pálssonar var meðal annars að hann skyldi uppfræða yfirsetukonur. Bjarni hafði væntanlega kynnst störfum faglærðra ljósmeðra í Danmörku og fékk þarlendrar ljósmeður hingað til lands.

Árið 1912 var Yfirsetukvennaskóli Íslands stofnaður og fór nám til ljósmeðurstarfa þar fram. Árið 1932 var nafni skólans breytt í Ljósmeðraskóla Íslands. Skólinn starfaði til ársins 1994 en árið 1996 færðist nám í ljósmeðurfræðum yfir á háskólastig og útskrifuðust fyrstu ljósmeðurnar með próf frá Háskóla Íslands árið 1998.